

4. Fundur Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 4. desember og hófst kl. 16.

Mætt eru: Þorsteinn Vilberg Þórisson varaformaður, Kristín Heimisdóttir, Vilborg Stefánsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Stefán Gunnar Benjamínsson

1. Samstarfssamningur Langanesbyggðar og Þekkingarnets Þingeyinga.

Almenn ánægja með samstarfsverkefni Langanesbyggðar og Þekkingarseturs. Fram komu tillögur um að nefndin vinni náið með viðkomandi starfsmanni, þ.e. að nefndarstörf einkennist af samstarfi. Almenn umræða um samninginn.

Nefndin fagnar því að verið sé að koma viðkomandi málum í fastari skorður hjá sveitarfélaginu. Nýsköpun, ferðþjónustumál og menningarmál eru gríðarlega mikilvæg fyrir alla í sveitarfélaginu sem og alla þá sem sækja okkur heim. Miklir möguleikar eru á styrkjum til hinna ýmsu verkefna og nýsköpunar og því er mjög mikilvægt að hafa þjónustu í heimabyggð sem er ráðgefandi í slíkum málum. Fjárhagslegi hluti þessa samnings hefur ekki verið lagður fyrir nefndina og því tekur hún ekki afstöðu til þeirra mála.

Nefndin hlakkar til að starfa náið með viðkomandi starfsmanni Þekkingarnetsins.

2. Önnur mál

Rætt hvernig best sé að haga fyrirkomulagi Káttra daga og hvers hagr það er að halda þessa hátíð. Ekki virðist samstarf hafa náðst milli „hagsmunaaðila“ og því þörf á að mynda einhvern ramma í kringum hátíðina. Ákveðinn leiði virðist kominn í íbúa gagnvart Kátum dögum og því var sú hugmynd rædd að fá utanaðkomandi aðila í að halda utan um hátíðina og sækja um styrk til þess.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið 16.42.